

REGLUGERÐ
um bann við veiðum á lúðu.

1. gr.

Allar beinar veiðar á lúðu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar.

2. gr.

Komi lúða um borð í veiðiskip sem meðafli skal umsvifalaust sleppa lífvænlegri lúðu.

Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu með því að skera á taum línunnar. Við handfæra- og sjóstangaveiðar skal varfærnislega losa lúðuna af krókum eða skera á lykkju slóðans áður en lúða kemur um borð.

3. gr.

Til að koma í veg fyrir að stórlúða fari í móttöku skips, er skylt við botnvörpuveiðar þar sem móttaka er lægra en aðalþilfar skipsins, að hafa rist þar sem fiski er hleypt í móttöku. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá notkun ristar þegar henni verður ekki viðkomið t.d. vegna smæðar báts. Rimlabil ristarinnar skal að hámarki vera 40 sentimetrar.

Gildir þetta á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er austur úr Dalatanga, réttisælís og allt að línu sem dregin er réttvísandi norðvestur úr Horni.

4. gr.

Með aflaverðmæti lúðu sem landað er skal farið eftir ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, með síðari breytingum. Lúðuaflí skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og skal andvirði aflans renna til sjóðs sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, að frádregnum kostnaði við uppboðið.

5. gr.

Skipstjóra er skylt að halda afladagbók, sbr. reglugerð nr. 557/2007, um afladagbækur, með síðari breytingum. Skrá skal í afladagbók upplýsingar s.s. um veiðarfæri, veiðistað og veiðidag, um þá lúðu sem sleppt er í hverju kasti/lögn/togi.

6. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðar breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 2011.

F.h.r.

Jóhann Guðmundsson.

Þórhallur Ottesen.